

Berist til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

Reykjavík, 18. mars 2021

**Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórnar**

Þegar frumvarpið var síðast lagt fram lýstu UNICEF á Ísland og ungmennaráð UNICEF á Íslandi yfir ánægju með að lagt væri til að lækka kosningaaldur í 16 ár. Lækkun kosningaaldurs mætir kröfum um aukna þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu samfélagi, en í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru borgaraleg réttindi barna ítrekuð, þ.e. skoðana- og tjáningarfrelsi, félagafrelsi og rétturinn til upplýsinga. Börn starfa nú þegar í ungmennaráðum sveitarfélaga og eru til ráðgjafar á vettvangi stjórnsýslu og stjórn mála. Slíkt samstarf hefur gefið góða raun þar sem því hefur verið sinnt vel.

Þátttaka barna og ungmenna krefst ekki eingöngu aðgengi að ákvörðunartöku, heldur einnig aðgengi að upplýsingum sem eru í samræmi við þroska og aldur þeirra. Samhliða lækkun kosningaaldurs ætti því jafnframt að auka aðgengi barna að upplýsingum um stjórn mála í skólum og fjölmiðlum. Í tilviki sveitarstjórnarkosninga á það sérstaklega við um grunnskóla, því ólíkt framhaldsskólum ganga börn að jafnaði í grunnskóla í sama sveitarfélagi og þau eru búsett.

Skuggakosningar barna, eins og þær sem farið hafa fram fyrir síðustu kosningar, eru ein leið til þess að virkja börn og ungmenni og undirbúa fyrir þátttöku. Vert er að ítreka að aukin þátttaka barna leggur jafnframt auknar skyldur á herðar stjórnvalda, skóla og samfélagsins alls að virða rétt barna til skoðana, tjáningar og félagafrelsis.

Virðingarfyllt,



---

Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi